

Nýjungar í Sögu - Útgáfa 3.1.38.9



Afgreiðsla (gaSab)

Afgreiðsla - Breyta áætlunum

SAG-4920

Nú er hægt að velja fleiri en eina áætlun í Breyta áætlunum glugganum í afgreiðslueiningunni og eyða þeim öllum í einu.

Aðvaranir sjúklings (skráning)

Aðvaranir/snjórn - Skráning ofnæmis

SAG-4918

-Bætt var við fellilistanum „Upplýsingar fengnar frá“ á eftir „Stigun ofnæmis“.

-Heitinu á „Ofnæmi staðfest með rannsókn“ var breytt í „Ofnæmi“ í fellilistanum „Stigun ofnæmis“.

-Eldri ofnæmisfærslur voru uppfærðar:

- „Staðfest með rannsókn“ var sett í svæðið „Upplýsingar fengnar frá“ fyrir færslur með stigun „Ofnæmi“.
- „Sjúklingi/aðstandanda“ var sett í svæðið „Upplýsingar fengnar frá“ fyrir allar færslur þar sem stigun er ekki „Ofnæmi“.

„Upplýsingar fengnar frá“ var ekki bætt við vefþjónustur fyrir Heilsugátt og ekki heldur í Therapy samþættinguna og er því ekki sýnilegt í þeim kerfum.

Aðvaranir - Meðferðarstig

SAG-5034

Nú er birt hvenær meðferð var skráð með textanum "Skráð 27.11.2015".

Dagplan deildar

Dagplan deildar

SAG-4763

Nú er hægt að velja deild sem birta á dagplanið fyrir. Deildirnar sem hægt er að velja eru legudeildir sem innskráður notandi hefur aðgang að.

Legur (gaADT Admissions)

Lega - Kerfissjúklingur

SAG-4958

Nú er ekki skipt um kerfissjúkling þegar legueiningin er opnuð og kerfissjúklingurinn er ekki á legulistanum. Það sama á við ef önnur deild er valin í deildarlistanum sem kerfissjúklingurinn er ekki á.

Meðferðarskráning (gaTreatment)

Meðferðarskráning - Birta ferli opið

SAG-4879

Nú ætti Birta ferlið opið hakið að opna allar greiningar í hjúkrunarferli einstaklings í staðinn fyrir einungis eina eða tvær greiningar.

Vera (Fyrirspurnalag)

Afgreiðsla og Stillingar - Form tímabókunar

SAG-4975

Nú er hægt að haka við Fela í Veru haki í stillingaglugga fyrir form tímabókunar í Stillingar, Form tímabókunar.

Ef það er gert þá sjást tímabókanir með því formi ekki í Veru yfir tímabókanir einstaklings.

